

Miðvikudaginn 20. desember 1950.

Nr. 135/1950. **Eigendur l/v Hugins R. E. 83**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Guðjóni Sigurðssyni (Ragnar Ólafsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 2. nóvember þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. sama dag. Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi gert þær dómkröfur, að fellt verði niður sjóveðréttarákvæði hins áfrýjaða dóms og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar. Af hálfu stefnda er þess krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Umsókn útgerðarmanns l/v Hugins til skilaneftdarinnar er talin glötuð, en upplýst er, að hún var dagsett 7. janúar 1949 og barst skilaneftdinni svo að segja samtímis í hendur. Verður að telja, að tilætlun útgerðarmannsins hafi verið sú að verða aðnjótandi hvernar þeirrar aðstoðar, sem lögin gáfu kost á. Með tilliti til þess sambands, sem telja verður að sé milli laga nr. 85/1948 og II. kafla laga nr. 100/1948, verður að líta svo á, að ákvæði 16. gr. laga nr. 100/1948 hafi komið til greina um téða umsókn og þá m. a. frestað því, að sjóveðréttur stefnda fyrndist. Með þessari athugasemd og með tilvísun til 243. gr. siglingalaga nr. 56/1914 ber að staðfesta sjóveðréttarákvæði hins áfrýjaða dóms. Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í sakaukamálinu staðfestist, en áfrýjandi greiði stefnda kr. 600.00 í málskostnað í Hæstarétti, og hefur stefndi sjóveðrétt í l/v Huginn R. E. 83 fyrir þeirri kröfu.

Dómsorð:

Sjóveðréttarákvæði hins áfrýjaða dóms svo og ákvæði hans um málskostnað í sakaukamálinu staðfestast.

Áfrýjandi, eigendur l/v Hugins R.E. 83, greiði stefnda, Guðjóni Sigurðssyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, og nýtur stefndi sjóveðréttar í l/v Huginn R.E. 83 til tryggingar þeirri kröfu.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 25. febr. 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Guðjón Sigurðsson sjómaður, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 21. janúar 1949 gegn Jóni Guðmundssyni, útgerðarmanni í Keflavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 949.15 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi með sakaukastefnu, útgefinni 29. sept. s.l. og birtri 30. s. m., stefnt eigendum l/v Hugins R.E. 83, þeim Sigríði Sighvatsdóttur, Barmahlíð 31, f. h. dánarbús Tómasar Jónssonar og Gísla Jónssyni alþingismanni f. h. h/f Njáls á Bildudal, og gert þær dómkröfur í sakaukamálinu, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í nefndu skipi til tryggingar framangreindum dómkröfum á hendur aðalstefnda.

Aðalstefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 434.23 og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Sakaukastefndu hafa gert þær kröfur, að neitað verði um viðurkenningu á sjóveðrétti í l/v Huginn og jafnframt verði þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1948 leigðu sakaukastefndu aðalstefnda áðurnefnt skip til síldveiða fyrir Norðurlandi og var stefnandi skráður skipverji á því frá 25. júní til 10. september þá um sumarið. Telur stefnandi, að hin umstefnda skuld sé eftirstöðvar af kaupi hans frá þeim tíma.

Samkvæmt skiprúmssamningi stefnanda bar honum í kaup fyrir tíma þann, sem hann var á skipinu, kr. 4508.40, við það bætist orlofsfé kr. 180.34, og námu því tekjur stefnanda á skipinu kr. 4688.74. Upp í það hefur stefnandi viðurkennt að hafa fengið greitt: fæðiskostnað kr. 1539.57, í peningum kr. 1943.00 og í vöruúttekt kr. 302.60, eða samtals kr. 3785.17. Nema því eftirstöðvar af kaupi stefnanda kr. 903.57, og ber að dæma aðalstefnda til að greiða þá fjárhæð með vöxtum eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Mótmæli sín gegn sjóveðréttarkröfu stefnanda reisa sakaukastefndu aðallega á því, að sjóveðrétturinn sé fallinn niður vegna fyrningar, og vísa um þetta efni til siglingalaganna.

Til vara reisa sakaukastefndu mótmælin á því, að stefnandi og aðrir skipverjar á l/v Huginn hafi dregið svo lengi að gera sjóveðréttarkröfur sínar gildandi gagnvart þeim, að þau hafi tapað möguleikum til að fá lán samkvæmt lögum nr. 85 frá 1948 til þess að greiða sjóveðskrárnar svo og sennilegum möguleikum til eftirgjafar á láninu samkvæmt 13. gr. laga nr. 100 frá 1948, en þessi atriði verða ekki álitin skipta máli um gildi sjóveðréttar stefnanda.

Samkvæmt 252. gr. siglingalaganna fellur niður sjóveðréttur sá, sem 2. tölul. 236. gr. sömu laga heimilar skipstjóra og skipshöfn, ef honum er ekki fylgt með lögsókn, áður en 1 ár er liðið frá því, að starfstíma þeirra lauk. Svo sem áður segir, fór stefnandi af áðurnefndu skipi 10. september 1948. Hinn 7. janúar 1949 sótti aðalstefndi um aðstoðarlán til skilanefndar vegna aflabrests á sildveiðum á l/v Huginn sumarið 1948, og var aðstoðarbeiðninni synjað 18. febrúar sama ár. Í lögum nr. 100 frá 1948 um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, 16. gr. in fine, segir svo: „Tímabilið frá því að skilanefnd hefur tekið við aðstoðarbeiðni og þangað til hún afgreiðir mál hans telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxlréttar né neinna réttargerða“. Verður að telja, að ákvæði þetta taki m. a. til fyrningartíma sjóveðréttar. Samkvæmt framansögðu var aðstoðarbeiðni aðalstefnda til afgreiðslu hjá skilanefnd í 42 daga. Framlengist því fyrningartími sjóveðréttar stefnanda um jafnlangan tíma. Svo sem áður er sagt, var stefna á hendur sakaukastefndu til viðurkenningar sjóveðrétti stefnanda birt 30. sept. f. á., og var þá fyrningarfrestur ekki liðinn. Ber því að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í l/v Huginn R.E. 83, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum úr hendi aðalstefnda.

Þar sem stefnandi hefur ekki krafizt málskostnaðar í sakaukamálinu, fellur hann niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum, skipstjórunum Jónasi Jónassyni og Þorgrími Sigurðssyni.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Jón Guðmundsson, greiði stefnanda, Guðjóni Sigurðssyni, kr. 903.57 með 6% ársvöxtum frá 21. janúar 1949 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í l/v Huginn R.E. 83 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Málskostnaður í sakaukamálinu fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.